

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1171****2023/EES/85/08****frá 15. júní 2023**

um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2018/982 og (ESB) 2021/2097 að því er varðar að nota saman blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru og önnur aukefni sem innihalda bensósýru, maurasýru og fúmarsýru og gjafa þeirra eða sölt þeirra (leyfishafi er Novus Europe NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/982 ⁽²⁾ og (ESB) 2021/2097 ⁽³⁾ var veitt leyfi fyrir notkun á blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru til 10 ára sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem er aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis.
- 2) Í viðaukunum við framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2018/982 og (ESB) 2021/2097 er kveðið á um, í viðkomandi dálki „önnur ákvæði“, að ekki skuli nota aukefnið með öðrum gjöfum bensósýru eða bensóata, kalsíumformats, formata og fúmarsýru. Þetta er til að koma í veg fyrir að farið sé yfir hámarksskammtinn með notkun á öðrum aukefnum sem innihalda þessi efni eða gjafa þeirra.
- 3) Þessi takmörkun er réttlæt看leg fyrir bensósýru og bensóöt þar eð aukefnið inniheldur bensósýru í miklu magni í samsetningu þess en er ekki réttlæt看leg fyrir hin efni kalsíumformat, formöt og fúmarsýru þar eð aukefnið inniheldur kalsíumformat og fúmarsýru í mjög litlu magni. Til að tryggja meðalhóf ætti bannið við því að nota þau í samsetningum með öðrum aukefnum einungis að gilda um önnur aukefni sem innihalda bensósýru og bensóöt. Heimila ætti samsetningu þessa aukefnis með öðrum aukefnum sem innihalda maurasýru, formöt, fúmarsýru og fúmaröt að því tilskildu að ekki sé farið yfir gildin 10 000 mg/kg fyrir maurasýru og 20 000 mg/kg fyrir fúmarsýru í heilföðri fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem er aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Ef aukefnið inniheldur sölt af maura- og fúmarsýrum ætti ekki heldur að fara yfir þau gildi.
- 4) Formöt (sölt af maurasýru) eru gjafar maurasýru og fúmaröt (sölt af fúmarsýru) eru gjafar fúmarsýru. Nauðsynlegt er að samræma gildandi leyfi til að tryggja að ekki sé farið yfir hámarksgildi fyrir þessar sýrur og alla mögulega gjafa þessara sýra (sölt af þessum sýrum). Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/982 vísar takmörkunin í dálknum „önnur ákvæði“ til notkunar á blöndunni með öðrum aukefnum sem innihalda kalsíumformats-, formats- og fúmarsýrugjafa. Þar eð kalsíumformat fellur nú þegar undir hugtakið format (sölt af maurasýru) og önnur formöt geta verið maurasýrugjafar ættu nýju takmarkanirnar að gilda um formöt almennt. Að auki ætti takmörkunin að gilda um fúmarsýru og um fúmaröt

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/982 frá 11. júlí 2018 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Novus Europe N.A./S.V.) (Stjtið ESB L 176, 12.7.2018, bls. 13)

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2097 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Novus Europe NV) (Stjtið ESB L 427, 30.11.2021, bls. 190)

Þar eð fúmaröt geta einnig verið fúmarsýrugjafar. í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2097 vísar takmörkunin í dálknum „önnur ákvæði“ til notkunar á blöndunni með öðrum aukefnum sem innihalda kalsíumformats-, maurusýru- og fúmarsýrugjafa. Til að tryggja samræmi er nauðsynlegt að rýmka nýju tillögðu takmörkunina svo hún nái yfir formöt og fúmaröt og fjarlægja tilvísunina í kalsíumformat þar eð þetta efni fellur nú þegar undir tilvísunina í formöt.

- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2018/982 og (ESB) 2021/2097 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/982 er breytt í samræmi við 1. lið í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2097 er breytt í samræmi við 2. lið í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. Í stað 2. liðar í níunda dálki „önnur ákvæði“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/982 kemur eftirfarandi:
 - „2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. Ef aukefnið er notað með öðrum gjöfum formata, maurasýru, fúmarsýru og fúmarata skal ekki fara yfir eftirfarandi heildarinnihald í heilfóðri:
 - 10 000 mg/kg af maurasýru og
 - 20 000 mg/kg af fúmarsýru.“
 2. Í stað 2. liðar í níunda dálki „önnur ákvæði“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2097 kemur eftirfarandi:
 - „2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. Ef aukefnið er notað með öðrum gjöfum formata, maurasýru, fúmarsýru og fúmarata skal ekki fara yfir eftirfarandi heildarinnihald í heilfóðri:
 - 10 000 mg/kg af maurasýru og
 - 20 000 mg/kg af fúmarsýru.“
-